Þorsteinn Þorsteinsson á Húsafellli:

Ásgrímur Jónsson málari -



Ásgrímur Jónsson fimmtán ára á Eyrarbakka.

Ásgrímur fæddist á Suður-Rútsstaðakoti í Flóa 4. marz 1876. Foreldrar hans voru Jón Guðnason, góðkunnur sómamaður, og Guðlaug Gísladóttir. Hún var söngelsk kona sem Ásgrímur taldi að hefði verið mjög lík sér og úr þeirri ætt hefði hann fengið listagáfuna í arf.

Ásgrímur var elztur 7 barna, en 5 þeirra komust til fullorðinsaldurs. Yngstur barnanna var Jón, málarameistari í Reykjavík og kunnur tómstundamálari og sómamaður.

Fjórtán ára fór Ásgrímur alfarinn að heiman til að vinna fyrir sér. Fyrst vann hann á Eyrarbakka hjá Nielsen kaupmanni. Þegar hann fór þaðan réðist hann á skútu og stundaði sjómennsku á skútum í þrjár vertíðir. Tvö ár var hann á Bíldudal hjá Pétri Thorsteinssyni.

Hvar sem hann dvaldist á þessum árum var hann sífellt að reyna að búa til listaverk. Þegar hann var barn í heimahúsum gerði hann líkan af Hróarsholtsklettum með bænum og kirkjunni. Einnig málaði hann mynd af Heklu með taublákku og krít.

Á Eyrarbakka hreif hann fólkið svo mikið með myndum sínum, að kona Nielsens kaupmanns fór með mynd eftir hann til Reykjavíkur til að sýna hana mönnum er höfðu vit á list. Þeir áttu að segja til um það hvort þessi unglingur væri ekki efni í listamann. Myndin var máluð eftir Kristslíkneski, og þeir sem áttu að dæma þóttust ekki geta séð það af því að þetta var eftirmynd.

Þegar Ásgrímur var á Bíldudal vann hann fyrst í stað við uppskipun á salti og kolum o.fl., en þegar það fór að kvisast að hann væri að föndra við listmálun var hann fenginn til að mála hús og skip, og um vetrartíma var hann heimiliskennari á Bíldudal. Börn hjónanna, Péturs og Ásthildar keyptu eftir hann myndir, en í þeirra hópi var Guðmundur Thorsteinsson, sem síðar varð dáður listmálari.

Rúmlega tvítugur eða í ársbyrjun 1897 fór Ásgrímur til Danmerkur til að læra málaralist. Hann fór án þess að njóta styrks frá neinum, og í Kaupmannahöfn vann hann fyrir sér með því að mála húsgögn á verkstæði í þrjú ár en sótti kennslu í myndlist á kvöldin. Í Akademíuna komst hann haustið 1899 og var þar í þrjú ár, en féll ekki vel að vera þar. 1902—1907 var hann í Danmörku á vetrum en ferðaðist um Ísland á sumrin og málaði. Á þeim árum veitti Alþingi honum nokkurn styrk og 1908 fékk hann enn ríkisstyrk til Ítalíufarar og dvaldist hann ár á Ítalíu.

Í tæp 50 ár eftir þetta, starfaði hann að list sinni og allan þann tíma var hann meðal virtustu listamanna þjóðarinnar og hefur aldrei fallið neitt ský á orðstír hans, og aldrei hefur hann notið meiri aðdáunar en nú þegar hann hefur legið 18 ár í gröf sinni.

Það var mikið lán fyrir þjóðina að Ásgrímur safnaði af kostgæfni fjölda af myndum eftir sig og arfleiddi þjóðina af þeim ásamt öllum sínum eignum. Þessar myndir eru nú varðveittar í húsi Ásgríms við Bergsstaðastræti, og hefur Ásgrímssafn verið undir myndarlegri stjórn frænku hans, Bjarnveigar Bjarnadóttur.

Tómas skáld Guðmundsson skráði minningar Ásgríms og birtust þær í bókinni „Myndir og minningar" hjá Almenna bókafélaginu 1956. Einnig samdi Gunnlaugur Scheving listmálari formála að listaverkabók með myndum eftir Ásgrím, sem var gefin út af Helgafelli 1949.

Ég kynntist Ásgrími þegar ég var ungur á árunum 1930—1950. Á því tímabili dvaldist hann á Húsafelli á hverju sumri þegar hann hafði heilsu til. Hann var hrokalaus maður sem virtist líta á alla kunningja sína sem jafningja, en viðkvæmur og næmur gagnvart ókunnugum og gekk oft hjá þeim nokkuð reigður með þungum svip. Við suma var hann fljóttekinn og ræðinn við fyrstu sýn. Við aðra var hann eins og lokuð bók og vildi ekki koma nálægt þeim. Hann var óspar á að tala um hugðarefni sín við heimilisfólkið, jafnt börn sem fullorðna. Áhugaefni hans voru fyrst og fremst listir, ekki síður hljómlist en myndlist. Um tíma á Hafnarárunum var hann að hugsa um að gera hljómlist að ævistarfi og var búinn að kaupa sér fiðlu. Hann lék þó aldrei á hana, en lærði hins vegar að leika á orgel og píanó.

Önnur hugðarefni hans voru einkum saga, bæði mannkynssaga, Íslandssaga og þjóðsögur. Fáir á heimilinu voru ósnortnir af þessum brennandi áhuga á listum og enginn var ósnortinn af persónuleika þessa örláta og góða manns. Þorsteinn, faðir minn, skrifaði um hann í Lesbók Morgunblaðsins 11. maí 1958 og segir þar í lokin: „Ásgrímur Jónsson er í öllu einn hinn mesti persónuleiki og ágætismaður sem ég hef kynnzt."

Líklega má flokka í þrennt það sem Ásgrímur taldi vera undirstöðu listarinnar, eftir því sem hann kenndi heimilisfólkinu á Húsafelli. Það fyrsta var tæknin og þekkingin, annað var virðingin fyrir listinni og þriðja var að listamaður yrði að vera í „stemmningu" til að geta gert listaverk.

Hann hafði með sér í sumardvölina málverkabækur og eftirmyndir af listaverkum gömlu snillinganna. Einu sinni komum við að honum á rigningardegi þar sem hann var að gera eftirmynd af mynd eftir Renoir. Ekki sagði hann að sannur listamaður þyrfti að óttast að sökkva sér þannig niður í verk annarra. Það væri tæknin sem væri hægt að læra með því að gera „kópíur". Hann talaði um það eins og fráleitan hlut, að menn gætu málað vel án mikillar þekkingar og þekking gömlu meistaranna var honum eilíft aðdáunarefni. Oft heyrði ég hann harma örlög mynda Turners, Englendingsins, sem tímdi ekki að vanda myndir sínar svo að þær eru að verða ónýtar. Góðar myndir eiga að batna með aldrinum og þá verður allt í þeim að vera vandað og gert af þekkingu. Hann sagðist mála fimm sinnum í hverja mynd að minnsta kosti þegar heim kæmi á haustin til að þær yrðu sem vandaðastar og endingarbeztar.



Þorvaldur Skúlason og Ásgrímur.

Sífellt var hann að dást að þekkingu og tækni tónsnillinganna. Hann hafði með sér upptrekktan grammófón og nokkur tónverk gamalla meistara. Þetta spilaði hann fyrir heimilisfólkið og sat hljóður og hátíðlegur og hlustaði.

Virðing hans fyrir listum var honum oft umræðuefni. List var eitthvað frábært og mikið. Miklir listamenn voru hinir sönnu afreksmenn. Íslenzkir samtíða listamenn nutu fyllstu virðingar hans. Fúskarar án þekkingar og hugljómunar voru hins vegar aumkunarverðir. Þeir voru glansmyndasmiðir eða hávaðaframleiðendur sem meiddu augu og eyru.

Jón Þorleifsson listmálari var eitt sinn staddur á Húsafelli. Þá barst einhver málari í tal sem Ásgrímur hafði dæmt hart. „Hann getur verið góður fyrir því," sagði Jón, „Ásgrímur getur verið einstrengingslegur eins og málarar eru yfirleitt."

Aldrei lýsti Ásgrímur „stemmningunni" en talaði hins vegar oft um hana. Það kom fyrir að hann kæmi heim allur í uppnámi og sagði þá frá eitthvað á þessa leið: „Ég var að mála og var kominn í stemmningu. Þá kom N.N. og fór að horfa á mig og tala við mig. Ég komst úr stemmningunni og gat ekki málað meir." Allir á heimilinu forðuðust að trufla Ásgrím þar sem hann var að mála.

Þegar hann kom heim að loknu dagsverki með myndina um öxl var hann þungbúinn á svipinn og enginn vildi trufla hann eða stöðva. Krakkarnir reyndu þó að vera þannig að þeir sæju myndina og þeim fannst hún alltaf ákaflega falleg. Eftir nokkra hvíld eftir hugljómun dagsins og erfiði hafði Ásgrímur skipt um gervi. Hann kom að borða og lék við hvern sinn fingur og fræddi fólkið um listir eða sögu, eða gekk út á hlað og stóð þar lengi og horfði á litbrigði náttúrunnar og útskýrði fyrir heimilisfólkinu hvað hann sæi, og það var miklu meira en hinir sáu.

Slæmt finnst mér nú að hafa aldrei yfirheyrt hann meira um þetta ástand sem hann kallaði stemmningu. Var þetta aðeins vinnugleði við flókið og vandasamt starf eða var hún eins og eitthvert afl sem kom yfir hann og stýrði höndunum eins og annar góður málari sagði: „Mér finnst stundum eins og gamlir spænskir snillingar standi hjá mér og stýri penslinum!" Okkur skildist á Ásgrími að stemmningin væri eitthvað afskaplega mikið og merkilegt. En Ásgrímur kenndi það sem raunar er kunnugt, að í öllum listaverkum er „stemmning" og það er hún sem fyrst og fremst gerir verkið að list. Í myndum Ásgríms er „stemmningin" sem hann talaði um en lýsti aldrei. Hann þurfti þess í rauninni ekki. Myndirnar sjálfar lýsa henni.



Bjarnveig Bjarnadóttir, Ásgrímur Jónsson, Herdís Jónasdóttir og Guðlaug Jónsdóttir við legstein séra Snorra á Húsafelli 1944.